Í tilefnisflokkinn **‚Skimanir og mælingar'** eru skráð samskipti við:

1) **Frávik** í skimunum og þegar skólahj.fr. metur að eftirfylgd sé æskileg.
2) Vöntun á heimilistannlækni.
3) Samskipti við forráðamenn vegna fyrirsp. um skimanir eða ósk um niðurstöður þeirra.
4) Reglubundna skimun sem ekki er framkvæmd.

*Ath. ef skimun er eðlileg þarf **EKKI** að skrá samskipti nema ákveðin ástæða þykir til. Þá ætti að nota hjúkrunarviðfangsefnið ‚Eftirfylgni skimunar'*

## Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum:

Skilgreining er gefin við hvert hjúkrunarviðfangsefni (HV) innan þessa tilefnisflokks í eftirfarandi töflu. Einnig eru taldar upp þær hjúkrunarmeðferðir (HM) sem eiga helst við. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að ‚afhaka' hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á

| Hjúkr.viðf.efni | Skilgreining | Hjúkrunarmeðferð |
|---|---|---|
| ☐ **Án heimilis-tannlæknis** | Enginn heimilistannlæknir skráður í Ískrá en þær upplýsingar koma sjálfkrafa í Ískrá frá SÍ.<br>**Ískrármoli**: Án heimilistannlæknis<br>**Verklag**: Vöktun á skráningu heimilistannlæknis – Þróunarmiðstöð | ☑ Samskipti við forráðamann<br>☑ Tilvísun til tannlæknis<br>☐ Tannskoðun<br>☐ Eftirfylgd |
| ☐ **Eftirfylgni skimunar** | Skimun er eðlileg en talin er ástæða til að fylgja einhverju eftir. | ☑ Eftirfylgd<br>☐ Samskipti við forráðamann |
| ☐ **Eftirlit með vaxtarlínuriti** | Ástæða er til að fylgjast með vaxtalínuriti ss. vegna vísbendinga á vaxtalínuriti. Bæði hæðar- og þyngdarriti. | ☑ Eftirfylgd<br>☐ Áfallasaga<br>☐ Mæling á hæð og þyngd<br>☐ Samskipti við forráðamann |
| ☐ **Frávik á BMI*** | BMI litast **gult** (ofþyngd) eða **blátt** (of létt) EN nemandi heldur sinni kúrfu á vaxtalínuriti. Á einungis við þá nemendur sem SHS* metur að frekari aðgerða sé ekki þörf. Geta verið vel þjálfaðir nemendur eða þeir sem halda sinni línu á vaxtalínuriti.<br>**Ískrármoli**: Frávik í hæðar- og þyngdarmælingu<br>**Verklag**: Vöxtur og þroski - Þróunarmiðstöð | ☑ Upplýsingaöflun |
| | | |

| | | |
|---|---|---|
| ☐ **Frávik á sjón-skerpuprófi** | A) Frávik á sjónskerpuprófi, þ.e. ef niðurstöður eru aðrar en 1.0 eða 0.8 á HVOT.<br><br>B) Eðlilegt sjónskerpupróf EN nemandi pírir mikið augun, ruglar stöfum og/eða er mjög lengi að sjá stafina þannig að ákveðið er að vísa honum til augnlæknis.<br><br>**Ískrármoli**: Frávik á sjónskerpuprófi<br><br>**Verklag**: Sjónskerpupróf - Þróunarmiðstöð | ☑ Eftirfylgd<br>☑ Samskipti við forráðamann<br>☑ Tilvísun til augnlæknis |
| ☐ **Næring meiri en líkamsþörf** | BMI litast **gult** <u>**OG**</u> breyting er upp á við á vaxtalínuriti.<br><br>Barnið og fjölskyldan – matarvenjur og hreyfing<br><br>Markmiðaspjöld | ☑ Eftirfylgd<br>☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☑ Samskipti við forráðamann<br>☐ Reglubundin ráðgjöf<br>☐ Heilsunámskeið<br>☐ Tilvísun til læknis |
| ☐ **Næring minni en líkamsþörf** | Breyting niður á við um 1 staðalfrávik á vaxtalínuriti. BMI **grænt** eða **blátt**. | ☑ Eftirfylgd<br>☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☑ Samskipti við forráðamann<br>☐ Reglubundin ráðgjöf<br>☐ Tilvísun til læknis |
| ☐ **Offita** | BMI litast rautt (offita).<br><br>Offita barna og unglinga – Þróunarmiðstöð | ☑ Eftirfylgd<br>☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☑ Samskipti við forráðamann<br>☐ Reglubundin ráðgjöf<br>☐ Tilvísun til læknis<br>☐ Tilvísun í Heilsuskólann |
| ☐ **Óskað eftir mælingu** | A) Forráðamaður óskar eftir mælingu <u>utan</u> reglubundinna skimana á hæð, þyngd, sjón, litaskyni heyrn eða blóðþrýstingi.<br><br>B) Annar aðili, t.d. starfsmaður skóla mælir með mælingu. Athugið þó að ekki ætti að mæla nemanda nema með samþykki forráðamanns. | ☐ Mæling á hæð og þyngd<br>☐ Sjónskerpupróf<br>☐ Heyrnarpróf<br>☐ Mæling lífsmarka<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Tilvísun til augnlæknis<br>☐ Tilvísun til læknis |
| ☐ **Óskað eftir upplýsingum** | A) Foreldrar óska eftir niðurstöðum úr skólaskoðun eða öðrum upplýsingum tengdum skimunum og mælingum.<br><br>B) SHS* hefur samband við foreldri og óskar eftir upplýsingum tengdum skimunum og | ☑ Upplýsingar veittar<br>☐ Upplýsingaöflun |

| | | |
|---|---|---|
| | mælingum. | |
| ☐ **Skimun ekki framkvæmd** | Skimun ekki framkvæmd vegna fötlunar/talvanda eða annars vanda nemanda. | ☑ Skráning<br>☐ Samskipti við forráðamann |
| ☐ **Tannheilsu ábótavant** | Nemandi er með skán í munni eða skemmda tönn.<br>Tannskoðun - Þróunarmiðstöð<br>**Ískrármoli**: Skrá tannskoðun<br>**Ískrármoli**: Frávik í tannskoðun | ☑ Eftirfylgd<br>☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☑ Samskipti við forráðamann<br>☑ Tilvísun til tannlæknis |
| ☐ **Upplýsingar frá forráðamanni** | Upplýsingar frá forráðamanni sem tengjast skimunum og mælingum. | ☑ Upplýsingar mótteknar |
| ☐ **Annað** ▭ | Möguleiki að skrá inn nýtt HV ef ekki er hægt að nota nein af ofantöldu. | |

*SHS = Starfsfólk í heilsuvernd skólabarna